

# Öryggisstefna Reykjavíkurborgar



## VIRKT ÖRYGGISSTJÓRNUNARKERFI

Skilgreind ábyrgð og hlutverk í vinnuvernd þannig að allir hlutar borgarinnar hafi viðeigandi mönnun öryggisnefnda, öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna.

## SAMRÆMDAR ÖRYGGIS- OG HEILBRIGÐISÁÆTLANIR

Áætlanir um öryggi og heilbrigði gerðar fyrir allar starfsstöðvar Reykjavíkurborgar í þeim tilgangi að draga úr áhættum.

## MIDLÆG SLYSA- OG ATVIKASKRÁNING

Öll atvik og slys skráð á starfsstöðum og skilgreind viðbrögð og úrbætur fyrir hverja áhættu samkvæmt áhættumati.

## FORVARNIR OG VIÐBRÖGÐ VEGNA OFBELDIS GEGN STARFSFÓLKI

Mótuð og innleidd áætlun um fyrirbyggingu og viðbrögð vegna ofbeldis gegn starfsfólki á starfsstöðum borgarinnar.

## Hvað er vinnuvernd?

Vinnuverndarstarf skal vera hluti af daglegri starfsemi vinnustaða þannig að það sé sýnilegt öllum sem þar starfa. Markmið vinnuverndar er að vernda starfsfólk gegn hvers konar heilsutjóni sem stafa kann af vinnu þess eða vinnuskilyrðum. Einnig að skipuleggja vinnu starfsfólks með það fyrir augum að verkefni séu við hæfi, auka öryggi og draga úr líkum á slysum og heilsutjóni. Þannig er stuðlað að andlegri og líkamlegri vellíðan starfsfólks.

Hér undir má sjá helstu áhættuflokkana sem metnir eru í áhættumati starfa:



Hreyfi- og  
stoðkerfi



Umhverfis-  
þættir



Andleg og  
félagsleg  
líðan



Efnanotkun



Vélar og tæki

- Veist þú hvaða áhættuþættir eru á þínum vinnustað?
- Veist þú hver er öryggistrúnaðarmaður á þínum vinnustað?
- Er reglulega talað um öryggi starfsfólks á þínum vinnustað?



Reykjavík

Mannauðs og starfsumhverfissvið